



5 . t b l . 4 0 . á r g . d e s . 2 0 0 5

Fréttabréf

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar



Gleðileg jól

Kjarasamningur í höfn

Ágæti félagsmaður!

*Sendum þér og fjölskyldu þinni
bestu óskir um gleðilega jólahátíð,
frið og farsæld á komandi ári.
Þökkum ánægjuleg samskipti á árinu.*

*Stjórn og starfsmenn skrifstofu
Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar*



Jólaball

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
og
SFR-stéttarfélag í almannatjónustu

halda sameiginlegt jólaball,
fimmtudaginn 29. desember 2005 kl. 16,00 í
Súlnasal Hótel Sögu.

Hljómsveitin Saga Klass sér um að halda uppi
fjörinu. Dansað verður í kringum jólatré og
jólásveinar koma í heimsókn.
Boðið verður upp á veitingar.


Miðasala verður á skrifstofu félagsins að
Grettisgötu 89, 3 hæð
frá og með 19. desember n.k.
Miðaverð er kr. 500,-

Fréttabréf

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar
Útgefandi: Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar,
Grettisgötu 89,
105 Reykjavík.
Sími: 525 8330
Fax: 525 8339
Tölvupóstfang: strv@bsrb.is
Heimasíða: www.strv.is
Ábyrgðarmaður: Sjöfn Ingólfsdóttir.
Ritstjóri: Jakobína Þórðardóttir
Ritnefnd: Guðjón Indriðason og
Ragnhildur Helgadóttir
Umbrot: Jakobína Þórðardóttir
Hönnun: PJE ERR
Prentun: Hjá OSS ehf.
Frágangur: Bókvirkinn
Forsíðumynd: Filippus Jóhannsson
Aðrar myndir: Filippus Jóhannsson,
Garðar Hilmarsson, Jóhanna Þórdórsd.
ofl.

Afi, hvernig voru jólin í gamla daga?

Örn Erlendsson



Mér varð hálf hverft við, þegar ég var spurður þessarar spurningar í fyrsta skipti, því auðvitað veit ég ekkert um það hvernig jólin voru í gamla daga. En svo datt mér í hug að segja krökkunum hvað mamma mín sagði mér um jólin í gamla daga, þegar ég var lítill. Um leið áttaði ég mig á að það sem blessuð börnin meintu, var auðvitað bara það, hvernig jólin voru þegar ég var krakki, það voru "gamla dagar" í þeirra vitund, þótt mér finnst eins og það hafi verið í gær, þegar ég hugsa til baka.

Og aftur verður mér hverft við, þegar ég hugsa um breytinguna sem hefur orðið á þessum stutta tíma.

Ég man hvað tilhlökkunin og eftirvæntingin var mikil, og ég undrast með sjálfum mér hvað maður gat hlakkað mikið til, því mér finnst ekki hafa verið gert svo mikið með jólin. Við krakkarnir urðum ekki vör við jólaundirbúning fyrir en á Þorláksmessu, en auðvitað þurfti fullorðna fólkið að hugsa til jólanna miklu fyrir. Mér finnst ég muna eftir fyrsta jólatrénu sem til var á heimilinu. Pabbi bjó það til. Hann klauf mjóan lista utanaf einhverjum fjarlarstúf og ég man vel hvernig hann bar sig að við það. Hann tók stóra eldhúshnífinn og ham-

ar, reysti fjölinu upp á endann á fiskasteininum á hlaðinu og sló hnifinn niður í gegnum fjölinu. Svo var listinn tálgaður til, þannig að hann mjókkaði upp. Afgangurinn af fjölinni var sagaður í tvennt og negldur saman í kross. Þar með var kominn fóturinn. Þá var rakin upp gaddavirshöng og búnir til úr vírnum armar á prikið. Lykkja á vírendana til að stinga í kertum.

Þetta jólatré var notað árum saman. Á Þorláksmessu var alltaf farið og sortulyng krafsað upp úr snjónum til að skreyta það með. Þá var skrautið fullkomið, ef fagurrauðir lúsamurlingar voru á hverri grein.

Aðfangadagur var annasamur. Þá var útiverkum lokið með fyrri móti, en þó lögð meiri alúð í þau en venjulega. Til dæmis, fengu allar skepnur meiri gjöf en venjulega, það besta var valið úr stálinu, tugga hér og tugga þar og hrist vel saman. Allt var sópað og snurfusað af stakri kostgæfni.

Á þessum árum hafði fólk ekki enn ruglast í því hvað væri hlutverk hvers. Pabbi annaðist útiverkin og mamma sá um inniverkin. Engum datt neitt annað í hug. Matreiðslan, þvottar á fólki, taui og húsnæðinu og klæðaburður allrar fjölskyldunnar var í hennar umsjá. Og þótt erfitt væri um aðdrætti, bæði vegna samgangna og efnahags, og allar aðstæður afar erfiðar, þá man ég aldrei eftir að neitt vantaði upp á að allt væri fullkomið.

Við fengum alltaf jólagjafir frá afa og ömmu, sem bjuggu á næsta bæ. Strax í birtingu á aðfangadag hófst biðin eftir að afi kæmi með lítinn, hvítan malpoka yfir öxl. Ár eftir ár kom hann, eftir langa, langa bið. Ár eftir ár komu svipaðir pakkar upp úr pokanum. Pakkar með kerti, sokkapör, eða vettlinga og stundum spil. Meðan afi stansaði, ilmaði bærinn af ólýsanlegu, höfugu samblandi af hreinlætislykt, eplalykt, bökunarlykt og hangikjötslykt. Og hjörtun í brjóstunum ungu

slógu ört, af einskærri eftirvæntingu og tilhlökkun.

Ég man ekki eftir neinum sérstökum jólapökum frá mömmu og pabba, en alltaf fengu allir einhverja nýja flik.

Mér er í minni hve ánægjan var mikil yfir jólahátíðinni og þessum gjöfum, þótt þær væru nú ekki fleiri eða íburðarmeiri en þetta, eða kannske vegna þess.

Þótt mér finnst í aðra röndina að ekki hafi verið gert neitt sérlega mikið með jólin heima í gamla daga, þá finnst mér í hina röndina að það sé ekki rétt. Þvert á móti. Það var einmitt gert mikið með þau. Það var gert eins mikið og hægt var, bæði við menn og málleysingja.

Nú höfum við breytt öllum viðmiðunum og gefum alltaf eitthvað stærra og fleira með hverju árinu sem líður, þótt við vitum að margar gjafir gleðja ekkert meira en fáar og stórar gjafir ekkert meira en smáar. Jólaundirbúningurinn byrjar í október en ekki á Þorláksmessu, jólagjafirnar fara að berast fyrir miðjan desember, ein á dag alveg fram að jólum og eru ekki bara kerti og sokkaplögg. Spennan eykst dag frá degi uns hámarkinu er náð þegar litlu elskur okkar reyna að krafsa sig upp úr fjallháum haugum af dóti og jólapappir á sjálft aðfangadagskvöld og hrópa: "Er ekki meira!"

Ég hugsa að þegar litlir krakkar fara að spyrja barnabörnin mín hvernig jólin hafi verið í gamla daga, þá yppi þau bara öxlum og segi: "Æ, það var nú ekki mikil tilbreyting á jólunum í þá tíð!"

Örn hefur verið í ritnefnd Fréttabréfsins í fjölmörg ár. Þakka samnefndarmenn honum samstarfið, þar sem hann sagði af sér nú í haust, en var svo elskulegur að skrifa jólahugveku í fréttabréfið að þessu sinni.

Helstu atriði í nýjum kjarasamningi

Ágæti félagi.

Hér eru dregin fram helstu atriði þessa nýja kjarasamnings og reynt að setja þau fram á hnitmiðaðan hátt, en við hvetjum þig til að hafa samband við okkur ef eitthvað er óskýrt og nota heimasíðu félagsins www.strv.is þar sem samningurinn er birtur í heild.

Auk almennra launahækkana sem eru á svipuðum nótum og það sem hefur verið að gerast hjá öðrum félögum og samtökum á undanförunum mánuðum er tveimur megin áföngum náð í þessum samningi.

Annars vegar það ákveðna og mikilvæga skref sem tekið er varðandi nýja launategingu við starfsmatið og – hins vegar er hér um að ræða nýja framtíðarsýn varðandi starfsþróun félagsmanna og starfsmenntun sem er hér sett í ákveðnari farveg en verið hefur.

Sjöfn Ingólfssdóttir formaður

Helstu atriði í nýgerðum kjarasamningi St.Rv. og Reykjavíkurborgar sem undirritaður var að kvöldi 4. desember 2005.

Gildistími hans er frá 1. 10. 2005 til 31. 10. 2008.

I Launaliður

Ný og breytt launatafla þar sem allsstaðar eru 3% milli launaþrepa. Hækkun frá 1.þrepi til 5. þreps er nú svipuð og í áður gildandi launatóflu milli fyrsta og efsta launaþreps.

Launaþrep ákvarðast samkvæmt lífaldri sem hér segir:

1. þrep yngri en 20 ára
2. þrep frá 20 ára aldri
3. þrep frá 25 ára aldri
4. þrep frá 30 ára aldri
5. þrep frá 35 ára aldri

Aldur reiknast frá upphafi næsta mánaðar eftir afmælisdag.

Launatafla gildir frá 1. október 2005 og innifalin er 2.2%hækkun frá þeim tíma.

þrep	1	2	3	4	5	þrep	1	2	3	4	5
Lfl.	< 20 ára	20 ára	25 ára	30 ára	35 ára	Lfl.	< 20 ára	20 ára	25 ára	30 ára	35 ára
110	103.989	107.108	110.322	113.631	117.040	155	203.216	209.313	215.592	222.060	228.722
111	105.549	108.715	111.977	115.336	118.796	156	206.264	212.452	218.826	225.391	232.152
112	107.132	110.346	113.656	117.066	120.578	157	209.358	215.639	222.108	228.772	235.635
113	108.739	112.001	115.361	118.822	122.386	158	212.499	218.874	225.440	232.203	239.169
114	110.370	113.681	117.091	120.604	124.222	159	215.686	222.157	228.822	235.686	242.757
115	112.025	115.386	118.848	122.413	126.086	160	218.922	225.489	232.254	239.222	246.398
116	113.706	117.117	120.631	124.249	127.977	161	222.205	228.872	235.738	242.810	250.094
117	115.411	118.874	122.440	126.113	129.897	162	225.538	232.305	239.274	246.452	253.846
118	117.143	120.657	124.277	128.005	131.845	163	228.922	235.789	242.863	250.149	257.653
119	118.900	122.467	126.141	129.925	133.823	164	232.355	239.326	246.506	253.901	261.518
120	120.683	124.304	128.033	131.874	135.830	165	235.841	242.916	250.203	257.710	265.441
121	122.493	126.168	129.953	133.852	137.867	166	239.378	246.560	253.956	261.575	269.422
122	124.331	128.061	131.903	135.860	139.935	167	242.969	250.258	257.766	265.499	273.464
123	126.196	129.982	133.881	137.898	142.035	168	246.614	254.012	261.632	269.481	277.566
124	128.089	131.931	135.889	139.966	144.165	169	250.313	257.822	265.557	273.524	281.729
125	130.010	133.910	137.928	142.066	146.328	170	254.067	261.689	269.540	277.626	285.955
126	131.960	135.919	139.997	144.197	148.522	171	257.878	265.615	273.583	281.791	290.244
127	133.940	137.958	142.097	146.359	150.750	172	261.747	269.599	277.687	286.018	294.598
128	135.949	140.027	144.228	148.555	153.012	173	265.673	273.643	281.852	290.308	299.017
129	137.988	142.128	146.391	150.783	155.307	174	269.658	277.748	286.080	294.662	303.502
130	140.058	144.260	148.587	153.045	157.636	175	273.703	281.914	290.371	299.082	308.055
131	142.159	146.423	150.816	155.341	160.001	176	277.808	286.143	294.727	303.569	312.676
132	144.291	148.620	153.078	157.671	162.401	177	281.975	290.435	299.148	308.122	317.366
133	146.455	150.849	155.375	160.036	164.837	178	286.205	294.791	303.635	312.744	322.126
134	148.652	153.112	157.705	162.436	167.309	179	290.498	299.213	308.190	317.435	326.958
135	150.882	155.408	160.071	164.873	169.819	180	294.856	303.701	312.812	322.197	331.863
136	153.145	157.740	162.472	167.346	172.366	181	299.278	308.257	317.505	327.030	336.841
137	155.442	160.106	164.909	169.856	174.952	182	303.768	312.881	322.267	331.935	341.893
138	157.774	162.507	167.383	172.404	177.576	183	308.324	317.574	327.101	336.914	347.022
139	160.141	164.945	169.893	174.990	180.240	184	312.949	322.338	332.008	341.968	352.227
140	162.543	167.419	172.442	177.615	182.943	185	317.643	327.173	336.988	347.097	357.510
141	164.981	169.930	175.028	180.279	185.688	186	322.408	332.080	342.043	352.304	362.873
142	167.456	172.479	177.654	182.983	188.473	187	327.244	337.061	347.173	357.588	368.316
143	169.967	175.067	180.319	185.728	191.300	188	332.153	342.117	352.381	362.952	373.841
144	172.517	177.693	183.023	188.514	194.169	189	337.135	347.249	357.667	368.396	379.448
145	175.105	180.358	185.769	191.342	197.082	190	342.192	352.458	363.032	373.922	385.140
146	177.731	183.063	188.555	194.212	200.038	191	347.325	357.745	368.477	379.531	390.917
147	180.397	185.809	191.384	197.125	203.039	192	352.535	363.111	374.004	385.224	396.781
148	183.103	188.596	194.254	200.082	206.084	193	357.823	368.557	379.614	391.003	402.733
149	185.850	191.425	197.168	203.083	209.176	194	363.190	374.086	385.308	396.868	408.774
150	188.638	194.297	200.126	206.129	212.313	195	368.638	379.697	391.088	402.821	414.905
151	191.467	197.211	203.127	209.221	215.498	196	374.168	385.393	396.954	408.863	421.129
152	194.339	200.169	206.174	212.360	218.730	197	379.780	391.173	402.909	414.996	427.446
153	197.254	203.172	209.267	215.545	222.011	198	385.477	397.041	408.952	421.221	433.857
154	200.213	206.219	212.406	218.778	225.342	199	391.259	402.997	415.087	427.539	440.365

Grein 1.3.1. Áfangahækkunar í kjarasamningnum eru sem hér segir:

- 1. janúar 2006 hækkar launatafla skv. 1.1.1 um 2,0%
- 1. janúar 2007 hækkar launatafla skv. 1.1.1 um 3,0%
- 1. janúar 2008 hækkar launatafla skv. 1.1.1 um 2,5%

Grein 1.3.1.4. Hækkun "starfsmatslínu"

Breytingar vegna hækkunar „launalínu“ gefa að meðaltali 9.39% á félagið sem heild, sem þýðir 5-7 launaflokka hækkun þeirra starfsheita sem voru á „línunni“

Í fylgiskjali II eru sýnd dæmi um nýja röðun starfa til starfslauna.

Bókun 10

Tryggt skal við innleiðingu kjarasamningins að enginn hækki um **minna en 2** launaflokka að teknu tilliti til starfslauna og einstaklingsbundinna launa.

Grein 12.1.3 Ný grein. Starfsþróunarsjóður.

Til að stuðla að framgangi starfsþróunar og símenntunar félagsmanna er stofnaður STARFSÞRÓUNARSJÓÐUR með 0.30% iðgjaldi miðað við heildarlaun félagsmanna sem Reykjavíkurborg greiðir.

Sjá ennfremur bókanir 7 og 8 og fylgiskjal I

Grein 1.3.2 – Einstaklingsbundin laun - Áður hæfnislaun a, sem áður gáfu mest 4 launaflokka eftir 1-5-10-15 ár í starfi, verða nú 6 launaflokkar alls sem starfsmaður ávinnur sér með starfsaldri og þáttöku í símenntun

Eftir 1 ár í starfi hjá Rvk. Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 3 ár í starfi hjá Rvk. Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 5 ár í starfi hjá Rvk. Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 7 ár í starfi hjá Rvk. Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 9 ár í starfi hjá Rvk. Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 12 ár í starfi hjá Rvk. Röðun einum launaflokk ofar en ella.

1.3.4.2 Ný grein um launaflokkahækkunar vegna framhaldsnáms háskólamenntaðra félagsmanna - Um er að ræða að hámarki fjögurra launaflokka hækkun:

Vegna diplománáms komi 1 launaflokkur ofar en ella
Vegna meistaraþrófs komi 2 launaflokkar ofar en ella
Vegna doktorsþrófs komi 2 launaflokkar ofar en ella

Grein 1.7.3 Desemberuppþót hækkar og verður sem hér segir:

Árið 2005	kr. 45.000
Árið 2006	kr. 46.000
Árið 2007	kr. 47.000
Árið 2008	kr. 48.000

Grein 4.2.2 Orlofsuppþót hækkar og verður sem hér segir:

Árið 2005	kr. 21.800
Árið 2006	kr. 22.400
Árið 2007	kr. 23.000
Árið 2008	kr. 23.600

Félagsmenn fá við fyrstu útborgun uppgerðan mismun vegna yfirstandandi árs sem nemur kr. 11. 400.-

II Önnur atriði.

Grein 1.6.1 Vaktaálag reiknast af dagvinnukaupi sem framvegis verður miðað við þrep hvers og eins en ekki af föstu þrepi eins og áður.

Grein 2.2.4.2 Nýtt ákvæði. Undirbúningstími.

Stuðningsfulltrúar í Grunnskólum fá nú 4 klst. á viku miðað við fullt starf til undirbúnings vegna starfs síns.

Ennfremur fá nú starfsmenn við sérkennslu í Leikskólum 5 klst. (í stað fjögurra) til undirbúnings.

Grein 2.3.4 um Starfsmannafundi - Skýrar reglur um þetta atriði eru nú settar inn í samninginn. Greiða skal að lágmarki 2 klst. í yfirvinnu vegna starfsmannafunda - enda séu þeir skipulagðir fram í tímann - heimilt er að færa tímana til aukningar inni stöðugildi hlutastarfsmanna.

Grein 2.2.5.1. Ný grein - Um tilfærslu á vinnutíma starfsmanna milli vikna/mánaða í þeim stofnunum sem ekki starfa allt árið (Grunnskólar/ Fristundaheimili).Yfirmenn skipuleggi í upphafi skólaárs í samráði við starfsmenn á hvern hátt vinnuframlagi er skilað milli tímabíla og gera um það sérstaka vinnutímaáætlun.

Tekið skal fram að ákvæði þetta tekur ekki gildi fyrr en 1. ágúst 2006 eða í upphafi næsta skólaárs.

Grein 9.2.4 Ný grein- Greiða skal yfirvinnu þeim starfsmanni sem vinnur hjá tveimur borgarstofnunum ef svo háttar til að vinnutími starfsmanns fer fram yfir 8 stundir.

Ákvæði þetta tekur gildi 1. ágúst 2006

Dæmi: Menntasvið/ÍTR – Grunnskóli/Fristundaheimili

Grein 2.3.8 Ný grein - Þegar stafsmaður annast skjólstaðinga á ferðalögum skal hver vinnudagur reiknaður allt að 12 klst. og auk þess greiðast 4 klst í yfirvinnu vegna næturgistingar.

Greinar 2.3.10 – 2.3.10.3 nýjar greinar sem fjalla um greiðslur vegna ferðalaga erlendis sem starfsmaður fer að ósk vinnuveitanda og á vegum hans.

Grein 2.3.9. um frí í stað yfirvinnu. Starfsmaður getur óskað eftir að í stað yfirvinnugreiðslu fái hann leyfi og skal þá koma 1.8. klst á móti hverjum yfirvinnutíma – þessi heimild getur numið alls 5 frídögum á ári.

Grein 2.4.8 um bakvaktir - það er - ef taka á upp- eða slita bakvöktum ber að tilkynna það starfsmönnum með minnst tveggja vikna fyrirvara.

Grein 2.5.8 Vegna takmörkunar á matar-og kaffitímum vaktavinnufólks greiðast 25 mínútur á hverja vakt í yfirvinnu. Ákvæði þetta tekur ekki gildi fyrr en 1. ágúst 2006

Grein 2.5.9. Vinni vaktavinnumenn yfirvinnu eða aukavakt, skal til viðbótar unnum tíma greiða 12 mínútur fyrir hvern fullan unninn klukkutíma, nema starfsmaðurinn taki matar- og kaffitíma á vaktinni. Skulu þá þeir matar- og kaffitímar teljast til vinnutímans allt að 12 mínútur fyrir hvern fullan unninn klukkutíma. Við uppgjör á yfirvinnu skal leggja saman alla aukatíma uppgjörstímabilsins, t.d. mánaðar og reikna síðan 12 mínútur á þá heilu tíma sem þá koma út.

Grein 3.4.4 – um fæðisfé - Ef starfsmenn hafa hvorki aðgang að mötuneyti né fá aðsendan mat fá þeir greitt fæðisfé sem nú hækkar í kr. 328.50 úr kr. 312.80. Auk þess er umtalsverð rýmku á reglum hvað þetta ákvæði varðar. Nú skal greiða þessa upphæð fyrir hvern vinnuskyldudag hvort sem starfsmaður vinnur yfir hádegisverðartíma eða kvöldverðartíma.

Ýmis mikilvæg atriði er varða réttindi og kjör félagsmanna hafa nú verið felld inni þennan nýja samning, sem náðust fram á síðasta samningstímabili (m.a. á grundvelli bókana í síðasta kjarasamningi og/eða fyrir tilvernað BSRB á samningstímabilinu) Þar má m.a nefna:

Rýmkaður veikindaréttur til þeirra sem lenda í vinnuslysum

Hækkun iðgjalds til FOS (Fjölskyldu-og styrktarsjóðs)

Viðbótarlífeyrissparnaður.

Hækkun tryggingafjárhæða.

Aukin réttindi tímakaupsfólks og starfsfólks í hlutastörfum.

Bókanir:

Samningnum fylgja ennfremur nokkrar bókanir þar sem samningsaðilar setja niður með skýrum hætti, hvenær og/eða hvernig unnið skuli að framgangi ýmissa afar mikilvægra mála:

Hér er bent á nokkrar þessara bókana.:

Bókun 4 um grunnskóla:

Samningsaðilar beina því til Menntasviðs að búa til viðmið um fjölda skólaliða og starfsmanna í mótuneytum og kynna samningsaðilum í starfskjaranefnd fyrir 31. maí 2006.

Bókun 7 um námskeiðsnefndir:

Samningsaðilar munu setja á laggir námskeiðsnefndir til að fjalla um símenntun starfsmanna á eftirtöldum sviðum :

- Menntasvið og Íþrótt- og tómsundsvið
- Velferðarsvið og Þjónustu- og rekstrarsvið
- Framkvæmdasvið og Umhverfissvið.

Bókun 8 um Starfsmenntunar- og starfsþróunarsjóð.

Aðilar eru sammála um að færa fjármuni úr starfsmenntunarsjóði í starfsþróunarsjóð í áföngum eftir því sem þarfir starfsþróunarsjóðs fyrir aukna fjármuni vaxa. Stjórnir sjóðanna skulu leggja fyrir starfskjaranefnd tillögur um verkaskiptingu og skiptingu framlaga fyrir 31. desember 2006. Starfskjaranefnd ákveður hvenær tilfærslur fjármuna eigi sér stað og hver verður verkaskipting á milli sjóðanna. Gert er ráð fyrir að heildarframlag til starfsþróunarsjóðs verði orðið 0,45% fyrir lok samningstímans.

Bókun 9 um röðun skólaliða og stuðningsfulltrúa:

Samningsaðilar vísa til starfskjaranefndar að endurskoða röðun skólaliða og stuðningsfulltrúa sem lokið hafa fyrri hluta fagviðurkenningar.

FYLGISKJÖL:

Hér eru kynnt tvö fylgiskjöl sem vísað er til framar í textanum.

Fylgiskjal I: Mat á störfum þar sem krafist er fagviðurkenningar eða starfsnáms.

Reykjavíkurborg vill efla fagmennsku og fagmenntun starfsmanna með því að efla leiðir starfsmanna til fagviðurkenningar og styttra starfsnáms á framhaldsskólastigi. Svið og stofnanir borgarinnar munu meta þörfina miðað við fjárhagsgramma á hverjum tíma og haga námsframboði samkvæmt því.

1. Fagviðurkenning

a. Starfsmaður öðlast fagviðurkenningu ef hann hefur starfað hjá Reykjavíkurborg í a.m.k. fimm ár í sama eða sambærilegu starfi og viðurkenningin nær til og lokið 230 klst námskeiðum (16 einingum) skv. símenntunaráætlun stofnunar. Starfsmaður þarf jafnframt að vera a.m.k. 22 ja ára.

b. Kjósi svið að gefa kost á sliku námi þá skal það gert í samráði við stjórn starfsmenntunar- og starfsþróunarsjóðs.

c. Hlutaðeigandi svið skal auglýsa sliki námstækifæri og gæta þess að starfsmenn njóti jafnræðis við val á milli umsækjenda.

d. Meta ber í starfsmati störf þar sem krafist er fagviðurkenningar.

2. Styttra starfsnám

a. Starfsmaður sem lokið hefur fagviðurkenningu getur stundað styttra starfsnám á framhaldsskólastigi skv. aðalnámskrá framhaldsskóla þar sem samið hefur verið um viðmið um mat á óformlegu námi og starfsreynslu til styttingar á námi, svokölluð "Brú"

b. Kjósi svið að gefa kost á sliku námi þá skal það gert í samráði við stjórn starfsmenntunar- og starfsþróunarsjóðs.

c. Hlutaðeigandi svið skal auglýsa sliki námstækifæri og gæta þess að starfsmenn njóti jafnræðis við val á milli umsækjenda.

d. Meta ber í starfsmati störf þar sem krafist er styttra starfsnáms.

Fylgiskjal II röðun starfa í starfsheiti er á vef félagsins www.strv.is

Hæfnislaun b í framkvæmd

Samkomulag var gert milli Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurborgar 12. október sl. um framkvæmd á greiðslu hæfnislauna-B samkvæmt kjarasamningi undirrituðum 2001.

Framkvæmdin er á ábyrgð sviðsstjóra á hverju sviði fyrir sig. Við hvetjum félagsmenn til þess að kynna sér málið á vefsíðu félagsins eða hjá yfirmönnum á vinnustöðum. Hæfnismati á að vera lokið í meginatriðum á tímabilinu 1. - 30. nóvember 2005.

Hæfni starfsmanns á að vera metinn út frá tveimur hæfnisþáttum, starfsmetnaði og sveigjanleika. Með starfsmetnaði er vísað til þess hvernig starfsmaður rækir starf sitt og með sveigjanleika er vísað til aðlögunarhæfni starfsmanns. Hvor þáttur fyrir sig getur að hámarki hækkað laun starfsmanns um 2 launaflokka.

Hæfnismat þetta er fyrsta skref í innleiðingu hæfnismats og hæfnislauna hjá Reykjavíkurborg og er tilraunaverkefni. Samningsaðilar stefna að endurskoða ákvæði um hæfnismat á næsta samningstímabili og miða við að því verði lokið fyrir 1. maí 2007.

Starfsmaður getur almennt gert ráð fyrir að hæfnismat og ákvörðun um hæfnislaun skv. samkomulaginu standi til og með 30. apríl 2007.

Sviðsstjóri á hverju sviði ber ábyrgð á framkvæmdinni á sínu sviði. Hæfnismat nær til sömu starfsmanna og starfsmat sbr. samkomulag samningsaðila um framkvæmd starfsmatskerfisins SAMSTARE

Þekkir þú réttindi þín?

Guðjóna Björk Sigurðardóttir



Viðfangsefni BS ritgerðar minnar var að kanna hversu mikil þekking væri á meðal starfsmanna á Íslandi á ýmsum réttindum innan vinnumarkaðarins. Þetta viðfangsefnið hefur ekki verið kannað áður hvorki hér á landi né á hinum Norðurlöndunum. Vinnulöggjöfin má ekki vera það fræðileg að aðeins lögfræðingar þekki hana og skilji. Vinnulöggjöfin snertir alla starfsmenn vinnumarkaðarins, og eiga því allir að geta nýtt sér hana.

Rannsóknin var símakönnun sem náði til tæplega 300 einstaklinga. Svarhlutfall þeirra sem tóku þátt var 72%. Spurningarnar tengdust ýmsum þáttum vinnulöggjafarinnar svo sem þekkingu á stéttarfélagi, lífeyrissjóði, trúnaðarmanni og starfi hans innan fyrirtækis. Spurt var um þekkingu á atvinnukúgun, lögum um fjölskylduábyrgð, fæðingarorlofs lengd, lífeyrisréttindi, sjúkra- og orlofsjóð og ráðningarsamning svo dæmi séu tekin.

Einnig voru starfsmenn spurðir hvort þeir teldu að brotið hefði verið á rétti þeirra, hvort þeir hefðu lesið þann kjarasamning sem ætti við þeirra starf og hvort þeir hefðu nýtt sér kosningarétt þegar kosið hefði verið um kjarasamninginn.

Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar ríkir, að mati skýrsluhöfundar, töluverð vanþekking á grundvallarhugtökum og réttindum á meðal starfsmanna. Mat skýrsluhöfundar er að vanþekkingin sé samtengd almenntri vanþekkingu á starfsemi stéttarfélaganna, um hvað kjarasamningur fjalli og hvernig vinnulöggjöfinni sé háttáð hér á landi. Skýrsluhöfundur vill taka fram að þessar niðurstöður eru engan vegin nægjanlegar til að geta sagt nákvæmlega til um þekkingu starfsmanna á vinnumarkaðinum. Þessar niðurstöður gefa einungis til kynna að þekking sé ekki mikil á meðal starfsmanna

og því væri áhugavert að gera ítarlegri rannsókn á því.

Af þeim sem tóku þátt voru 48% starfsmanna sem höfðu ekki kynnt sér kjarasamninginn sem á við þeirra starf. 63% starfsmanna höfðu aldrei nýtt sér kosningarétt sinn þegar að kosið hefur verið um nýjan kjarasamning og 49% af þeim starfsmönnum vissu ekki af hverju þeir hefðu ekki nýtt sér þann rétt.

Skýrsluhöfundur fannst athyglisvert að nokkur vankunnátta virtist ríkja á þekkingu á lífeyrissjóði en um 35% höfðu ekki hugmynd um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða. Rúm 64% starfsmanna vita ekki hver sér um að greiða í sjúkra- og orlofsjóð starfsmanna og tæp 40% þekkja ekki hugtakið atvinnukúgun. Það er að segja að atvinnurekandi má ekki láta það bitna á starfsmanni hvaða stjórnmalaflokkur hann er í eða þáttöku hans í stéttarfélagi.

Skýrsluhöfundur fannst athyglisvert að af þeim sem spurðir voru töldu 84% starfsmanna að ekki hefði verið brotið á rétti þeirra. Hinsvegar þegar sömu starfsmenn voru spurðir hvort þeir hefðu lesið kjarasamninginn sinn höfðu tæp 50% starfsmanna ekki lesið hann. Flestir þeirra sem lenda í því að brotið sé á rétti þeirra uppgötva það ekki fyrir en seint og síðar meir, einmitt vegna vanþekkingar á kjarasamningi. Að mati skýrsluhöfundar skiptir það ekki máli að starfsmenn séu farnir að starfa í ríkum mæli undir fyrirtækjasamningum á vinnustað því starfsmenn þurfa engu að síður að þekkja viðkomandi kjarasamning til þess að tryggja að ekki sé verið að brjóta á réttindum þeirra.

Ungt fólk á aldrinum 16-25 ára kom alverst út úr könnuninni og greinilegt að eitthvað þarf að gera til þess að auka þekkingu þess. Sem dæmi má nefna að 42,4% fólks í þessum yngsta aldurshópi veit ekki í hvaða stéttarfélagi það er, 36,4% þeirra vita ekki hver er trúnaðarmaður á vinnustað þeirra og 81,8% þeirra hafa ekki lesið kjarasamninginn sem að á við þeirra starf sem að verður að teljast mjög hátt hlutfall. Hinsvegar verður að taka þessa niðurstöðu með fyrirvara þar sem að stór hluti þessa hóps er nýlega kominn inn á vinnumarkaðinn og er því eðlilegt að hann hafi ekki kynnt sér kjarasamninginn. Athyglisvert er að þeir sem telja einna helst að hafi verið brotið á rétti sínum á vinnustað eða tæp 40% er einmitt þessi aldurshópur. Þetta unga fólk veit ekki fyrir hvað stéttarfélagin standa né hvernig þau vinna fyrir félagsmenn samkvæmt þessum niðurstöðum. Stéttarfélagin ættu því að finna leiðir til að ná til unga fólksins.

Munur eftir búsetu er nokkur og virðist í heild sem starfsmenn á landsbyggðinni

hafi minni þekkingu varðandi réttindi sín heldur en þeir sem að búa á höfuðborgarsvæðinu. Vanþekking starfsmanna á stéttarfélagi sínu er töluvert meiri á landsbyggðinni en 13,4% af íbúum höfuðborgarsvæðisins vita ekki í hvaða stéttarfélagi þeir eru á móti 25,7% þeirra sem að búa á landsbyggðinni. Eins er athyglisvert að þeir sem að búa á höfuðborgarsvæðinu leita frekar eftir aðstoð frá stéttarfélagi eða 42,1% á meðan 28,6% landsbyggðarfólks hefur nýtt sér þann rétt.

Athyglisvert er að skoða niðurstöðurnar með tilliti til menntunar og virðist sem háskólamenntað starfsfólk hafi almennt meiri þekkingu en þeir sem eru með aðra menntun. Ekki er hægt að meta það sem svo að þeir sem eru með aukna menntun hafi öðlast þekkingu á vinnuréttindum í gegnum nám sitt því það nám er einungis kennt á afmörkuðum sviðum. Þó má segja að stöðug þekkingaröflun sé lykillinn að árangri einstaklinga og má því segja að það eigi við hér. Sem dæmi má nefna að þeir sem að eru með háskólamenntun hafa almennt meiri þekkingu á kjarasamningi sínum og eru frekar með ráðningarsamning heldur en starfsmenn með aðra menntun.

Spurt var í rannsókninni spurningar um þekkingu á nýjum lögum um fjölskylduábyrgð sem komið hafa í gegnum samninginn um Evrópska Efnahagssvæðið (EES). Reyndist þessi þekking mjög lítil þar sem 65,8% starfsmanna þekktu ekki þessi lög. Það er því eðlilegt að spyrja sig að því hvort að þau auknu réttindi sem að starfsmenn á vinnumarkaðinum fá í gegnum EES séu í raun að nýtast þeim ef að starfsmenn vita ekki af þessum réttindum og þá hver það sé sem að beri ábyrgð á að koma þessari þekkingu til skila.

Skýrsluhöfundur telur að það hljóti að vera á ábyrgð starfsmannsins sjálfs að huga að sinni eigin þekkingu á meðan það er á ábyrgð stéttarfélaga að gera þessa þekkingu sem aðgengilegasta. Þó er það þannig að ekki hafa allir jafnar forsendur til að sjá um sín mál sjálfir og eins má telja að réttindin á vinnumarkaðinum geti verið oft á tíðum illskiljanleg og flókin og af því leiðir að hlutverk stéttarfélaga er afar mikilvægt á vinnumarkaðinum.

Nýtt fulltrúaráð 2005-2007

1 deild- Stjórnsýsla og rekstrarsvið

Aðal.	Gerður Magnúsdóttir	FÞ Vesturgarði
Aðal.	Filippus Jóhannsson	Ráðhúsi Reykjavíkur
Aðal.	Lára Júlíusdóttir	Ráðhúsi Reykjavíkur
Aðal.	Steinunn Emilsdóttir	Síðumúla
Aðal.	Trausti Jónsson	Vesturgarði
Aðal.	Lóa Birna Birgisdóttir	Tryggvagötu
Aðal.	Inga Birna Sigfúsdóttir	Miðgarði
Aðal.	Margrét Erludóttir	Ráðhúsi Reykjavíkur
Aðal.	Kristín Pálsdóttir	Símaveri
Aðal.	Sigurlaug Marinósd.	Skúlagötu
Vara	Guðrún Pálsdóttir	Borgarbókhaldi
Vara	Viðar Gunnarsson	Síðumúla
Vara	Bragi Guðmundsson	FÞ Vitargötu
Vara	Sylvía Briem	Ráðhúsi Reykjavíkur
Vara	Herdís Jóhannsdóttir	FÞFurgerði
Vara	Ingibjörg Bergmann Sveinsd.	Aflagrandu
Vara	Erla Magnúsdóttir	FÞ Seljahlið
Vara	Ólafur Gísli Reynisson	Laugarásvegi
Vara	Tómas B. Þorbjörnsson	Ráðhúsi Reykjavíkur
Vara	Hólmfríður Böðvarsd.	Borgarbókhaldi

2. deild- Orkuveitan

Aðal.	Margrét Þóra Baldursdóttir	Orkuveita
Aðal.	Jón Höskuldsson	Orkuveita
Aðal.	Hólmfríður Guðjónsdóttir	Orkuveita
Aðal.	Símon Ágúst Sigurðsson	Orkuveita
Aðal.	Þórunn Aldís Pétursdóttir	Orkuveita
Vara	Súsanna Erla Oddsdóttir	Orkuveita
Vara	Ingibjörg Ólafsdóttir	Orkuveita
Vara	Steindór Steindórsson	Orkuveita
Vara	Hörður Þorsteinsson	Orkuveita
Vara	Ásdís Þorsteinsdóttir	Orkuveita

3. deild- Reykjavíkurhöfn

Aðal.	Þórdís Björk Sigurgestsd.	Reykjavíkurhöfn
-------	---------------------------	-----------------

4. deild -Framkvæmdasvið

Aðal.	Anna Árnadóttir	Framkvæmdasvið Reykjavíkur
Aðal.	Sigríður K. Þórisd.	Skipulags- og byggingasvið
Aðal.	Hermann Hermannsson.	Framkvæmdasvið Reykjavíkur
Aðal.	Andrés Ásmundsson	Framkvæmdasvið Reykjavíkur
Aðal.	Þórir Axelsson	Bílastæðasjóður
Vara	Guðrún Valdemarsd.	Framkvæmdasvið Reykjavíkur
Vara	Ómar Dabney	Umhverfissvið
Vara	Pétur Kristjánsson	Fasteignastofa
Vara	Grétar Bjarnason	Skipulags- og byggingasvið
Vara	Jón Þ Magnússon	Umhverfissvið

5. deild- Félagsbústaðir

Aðal.	Dagbjört Matthíasdóttir	Félagsbústaðir
-------	-------------------------	----------------



6. deild- Íþrótt- og tómstundaráð

Aðal	Ása Hauksdóttir	Hitt húsið
Aðal	Bjarney Magnúsdóttir	Gufunesbæ
Aðal	Ragnhildur Helgadóttir	Frikirkjuvegi 11
Aðal	Sigfríð Magnúsdóttir	F-11
Aðal	Sólveig Thorlacius	Sérsvæitin HH
Aðal	Árni Jónsson	Tónabæ
Aðal	Atli Steinn Árnason	Gufunesbæ
Aðal	Unnur Sigurþórsdóttir	Fjölsk. og húsdýragarði
Aðal	Þröstur Sigurðsson	Þróttheimum
Aðal	Anna Þorsteinsdóttir	Fristundaheimili
Aðal	Guðrún Björk Freysteinsd.	Miðbergi
Aðal	Erla K. Ólafsdóttir	Fristundaheimili
Aðal	Davíð Ragnarsson	Árseli
Aðal	Lárus Haraldsson	Hitt húsið
Aðal	Ágústa Guðmundsdóttir	Sundhöll Reykjavíkur
Vara	Þórdís E. Sigurðard.	Vesturbæjarlaug
Vara	Magnús A. Sveinbjörnss.	Fristundaheimili
Vara	Ólöf Anna Ólafsdóttir	Fristundaheimili
Vara	Ásdís Jóhannesdóttir	Gufunesbæ
Vara	Ottó Hörður Guðmundss.	Grafarvogslaug
Vara	Sigurjón Pétur Guðmundss.	Bláfjöll
Vara	Alfréð Alfreðsson	Grafarvogslaug
Vara	Ólafur Halldór Hafsteinsson	Fristundaheimili
Vara	Gunnar E. Sigurbjörnsson	Fristundaheimili
Vara	Kristjana Benediktsdóttir	Laugardalslaug
Vara	Lena Hákonardóttir	Fristundaheimili
Vara	Sigurgeir Birgisson	Gufunesbæ
Vara	Auður Guðmundsdóttir	Árbæjarlaug
Vara	Helgi Bjarnason	Íþr. miðst. v/Austurberg
Vara	Björn Sævar Baldursson	Vesturbæjarlaug

7. deild - Landspítali Háskólasjúkrahús

Aðal	Bryndís Þorsteinsdóttir	Röntgendeild Lsp. Foss.
Aðal	Halldór Ólafsson	Öryggisvarsla
Aðal	Rúna Helga Hilmarsdóttir	Klínískar lausnir
Vara	Guðný Sigr. Kristjánsdóttir	Ræstimiðstöð
Vara	Sigurberg Ólafsson	Öryggisvarsla
Vara	Anna J. Jónsdóttir	Fjármálasviði



8. deild- Menntasvið

Aðal	Pórunn Rut Þorsteinsdóttir	Árbæjarskóla
Aðal	Sæmundur Pétursson	Borgaskóla
Aðal	Garðar Jóhannsson	Menntasvið
Aðal	Gísli Eiríksson	Ölduselsskóla
Aðal	Brynja Bjarnadóttir	Foldaskóla
Aðal	Munda K. Jóhannsdóttir	Langholtsskóla
Aðal	Hallgerður Inga Gestsdóttir	Menntasvið
Aðal	Jón Gunnar Sveinsson	Austurbæjarskóli
Aðal	Eygló Ólafsdóttir	Rimaskóla
Aðal	Sigrún Helga Jónsd.	Foldaskóla
Aðal	Auður Ingólfsdóttir	Öskjuhlíðarskóla
Aðal	Sólveig Árnadóttir	Öskjuhlíðarskóla
Aðal	Ragnheiður K. Jónsdóttir	Seljaskóla
Aðal	Björg Þórhallsdóttir	Foldaskóla
Aðal	Björg Sigrún Ólafsdóttir	Korpuskóla
Aðal	Lovisa Guðmundsdóttir	Safamýrarskóla
Aðal	Edda Björk Hjörleifsdóttir	Hvassaleitisskóla
Aðal	Ingólfur Karlsson	Laugarnesskóla
Aðal	Líney B. Pétursdóttir	Víkurskóla
Vara	Guðrún Halldórsdóttir	Hamraskóla
Vara	Anna Guðbjörg Guðjónsd.	Engjaskóla
Vara	Ingibjörg Helgadóttir	Álftamýrarskóla
Vara	Jóhann Valgarð Ólafsson	Seláskóla
Vara	Markús Már Diego	Jörfa
Vara	Henrik Thorarensen	Langholtsskóla
Vara	Svan Hector Trampe	Hólabrekkuskóla
Vara	Anna Guðjónsdóttir	Ártúnsskóla
Vara	Bryndís Oddsdóttir	Breiðagerðisskóla
Vara	Hervör Þráinsdóttir	Engjaskóla
Vara	Guðbjörg Árnadóttir	Fellaskóla
Vara	Steinunn Þórisdóttir	Seláskóla
Vara	Elva Guðbrandsdóttir	Laugarnesskóla
Vara	Jóhanna H. Jóhannsdóttir	Húsaskóla
Vara	Dagrún Sigurðardóttir	Brúarskóla
Vara	Ragnheiður Ásgeirsdóttir	Foldaskóla
Vara	Sigrún Magnúsdóttir	Hagaskóla
Vara	Indiana Guðjónsdóttir	Hlíðaskóla
Vara	Georg Erlingsson	Háteigsskóla
Trún	Halla Stefánsdóttir	Grandaskóla
Trún	Ingibjörg María Karlsdóttir	Brákaborg
Trún	Bergþóra Skarphéðinsdóttir	Nóaborg
Trún	Gunnhildur Stefánsdóttir	Stakkaborg
Trún	Guðbjörg Björnsdóttir	Hlíðaskóla
Trún	Edda Ýr Garðarsdóttir	Sæborg
Trún	Hrafnhildur Marteinsdóttir	Ægisborg
Trún	Svanhildur Jónný Áskelsdóttir	Sólborg
Trún	Silja Kristjánsdóttir	Laufásborg
Trún	Hulda Ingibjörg Magnúsdóttir	Suðurborg
Trún	Sigrún Friðriksdóttir	Engjaborg
Trún	Charlotta R. Magnúsdóttir	Grænaborg
Trún	Sigurbjörg Lilja Michelsen	Berg

9. deild Strætó bs.

Aðal	Valdimar Jónsson
Aðal	Úlfur Einarsson
Aðal	Magnús Móberg Hansson
Aðal	Heimir Fjeldsteð
Aðal	Inga Fanney Jónasdóttir
Aðal	Einar K. Friðriksson
Vara	Sigurbjörn Frimann Halldórsson
Vara	Magnús S. Gunnarsson
Vara	Ingunn Guðnadóttir
Vara	Þórir Jón Hall
Vara	Linda Björk Sæmundsdóttir
Vara	Svanur Pálsson

10. deild- Menningarstofnanir

Aðal	Einar Ólafsson	Borgarbókasafn, Grófinni
Aðal	Ragnheiður Blandon	Borgarbókasafn, Foldasafn
Aðal	Guðriður Sigurbjörnsd.	Borgarbókasafn, Grófinni
Aðal	Dagný Guðmundsdóttir	Árbæjarsafn
Vara	Ása Kolka Haraldsdóttir	Höfuðborgarstofu
Vara	Bergún Bjarnadóttir	Borgarbókasafn, Ársafn
Vara	Erna Olsen	Borgarbókasafn, Sólheimasafni
Vara	Hólmfríður Ólafsdóttir	Menntamiðst. Gerðubergi
Trún	Margrét Árnadóttir	Borgarbókasafn, Kringlusafn

11. deild- Eftirlaunafólk

Aðal	Atli Ágústsson
Aðal	Elin S. Guðmundsdóttir
Aðal	Þórir G. Ísfeld
Aðal	Þorgrímur Sigurðsson
Aðal	Sigurður Svavarsson
Aðal	Elsa Eyjólfsdóttir
Aðal	Margrét Magnúsdóttir
Vara	Helgi S Haraldsson
Vara	Ágústa Þorbergsdóttir
Vara	G. Óskar Jóhannsson
Vara	Kristín Pétursdóttir
Vara	Ingileif Þ Jónsdóttir
Vara	Jóhannes Kolbeinsson
Vara	Aðalsteinn M. Richter

Bóka jól...

Þorbjörg Karlsdóttir



Vegna starfs míns sem barnabókavörður hef ég verið að glugga í nýju barnabækurnar. Þar kennir margra grasa að venju. Sú sem ég las fyrst var Völuspá. Þórarinn Eldjárn og Ragna Gunnarsdóttir hafa gert þetta forna og fræga kvæði aðgengilegt fyrir börn á öllum aldri. Ég keypti bókina handa mér, las hana fyrir þriggja ára sonarson minn og er skemmst frá því að segja að bókin er ekki í minni eigu lengur. Hann var svo heillaður af bókinni og þá aðallega myndunum, að ég fékk ekki af mér að hirða hana alltaf af honum þegar hann fór heim. Ég er búin að glugga í ýmsar aðrar bækur sem eru að koma út fyrir þau yngstu og bókina Gott kvöld eftir Áslaugu Jónsdóttur hef ég lesið nokkrum sinnum fyrir krakka sem koma hingað í sögustund. Sú bók er mjög skemmtileg fyrir litla hræðslupúka.

Af bókum fyrir eldri krakka hef ég lesið Steinhjartað eftir Sigrúnu Eld-

járn. Þetta er þriðja bókin um systkynin Stínu og Jonna og finnst mér þessi best og eru hinar þó góðar. Við erum ekki búin að fá marga titla hingað í safnið en það eru margar bækur sem ég býð með ópreyju eftir að fá í hendurnar. Ég hlakka til dæmis til að lesa Ávitaratáknið eftir Lene Kaaberbøl en hún er framhaldið af Dóttur Ávitarans sem kom út í fyrra og svo Stravaganza – Stjöruborgin eftir Mary Hoffman en í fyrra las ég Stravaganza – Grímuborgin eftir sama höfund, frábærar bækur fyrir 9 til 99 ára. Síðast en ekki síst bið ég eftir að lesa Appelsínu stelpuna eftir Jostein Gaarder enda finnst mér hann frábær höfundur. Hef lesið bækurnar sem hafa verið þýddar eftir hann nema Veröld Soffiu sem ég gafst upp á. Kannski reyni ég að lesa hana seinna.

Af „fullorðinsbókum” hef ég lesið ýmsar. Var t.d. að ljúka við Dauðann og mörgæsina. Sagan var ágæt en söguhetjan verulega pirrandi. Minnti mig á söguhetjuna í Gæludýrunum eftir Braga Ólafsson. Söguhetjan býr með mörgæs í upphafi sögunar. Hann fær það verkefni að skrifa minningargreinar um lifandi menn sem deyja þó skömmu eftir að hann hefur skrifað um þá. Hjá honum dagar uppi telpukorn nokkuð og ræður hann barnapíu til að gæta hennar og endar sú uppi í rúmi hjá honum. Maðurinn er einstaklega framtakslaus og virðist engu stjórna um líf sitt. Ég las líka nýlega Skotgrafaravegur eftir finnska rithöfundinn Kari Hotakainen. Söguhetjan í

þeirri bók er líka pirrandi en finnskar skáldsögur eru nú einu sinni í miklu uppáhaldi hjá mér þannig að ég kláraði bókina enda varð ég að fá að vita hvort söguhetjan fengi aftur til sín konu og dóttur en þær flytja frá honum í upphafi bókarinnar.

Ég er búin að lesa þrjár glæpasögur. Krosstré eftir Jón Hall Stefánsson sem mér fannst mjög spennandi og kom endirinn á óvart eins og í öllum góðum glæpasögum. Hinar tvær eru eftir sænska höfunda. Önnur þeirra er Fimmta konan eftir Henning Mankell. Ég hef lesið allar bækurnar eftir hann sem til eru í safninu, frábær höfundur. Hin er Svik eftir Karin Alvtegen óvenjuleg glæpasaga svo ekki sé meira sagt. Ég hlakka til næsta lesárs, þegar eftirspurnin eftir nýju bókunum minnar þannig að maður geti farið að lesa þær. Einni glæpasögu gleymdi ég enda vil ég ekki endilega segja að hún sé glæpasaga enda glæpirnir algjört aukatriði í sögunni. Það er bókin Kalaharívélritunarskólinn fyrir karlmenn sem er fjórði konfektmolinn sem þýddur hefur verið eftir Alexander McCall Smith. Þær fjalla um kvenspæjarann Mma Ramotswe, eilífðarkærasta hennar hr. J.L.B. Matekoni og aðstoðarkonu, Makutsi. Sögurnar gerast í Botsvana í Afríku sem er eftir lestur bókanna land sem mann langar til að heimsækja og fá sér góðan bolla af rauðrunnatei sem ku vera aðaltískudrykkurinn á Íslandi um þessar mundir.

Veist þú?



STYRKRTARSJÓÐUR BSRB

að Styrktarsjóður BSRB styrkir félagsmenn St.Rv. til líkasræktar, hafi þeir aunníð sér réttlíndi hjá sjóðnm.

sjá úthlutunarreglur sjóðsins á www.strv.is

Svipmyndir

Samninganefndir að störfum



Sjöfn, Einar og Jakobína þæla í texta.



Hallgerður og Sirrý íhugular



Garðar og Hildigunnur hagfræðingur, reikna og reikna



Samninganefnd Reykjavíkurborgar mætt á fund okkar... hvað bjóða þeir í þetta skiptið



Sirrý og Filippus úr nefnd St.Rv. Örn og Gunnar úr samninganefnd Rvk.



Eftir undirritun gæddi fólk sér á vöflum ...

VATN FYRIR ALLA

WWW.BSRB.IS/VATNFYRIRALLA

Undirrituð samtök vilja með sameiginlegri yfirlýsingu þessari vekja athygli ríkisstjórnar, sveitarstjórna, stofnana, fyrirtækja og almennings á mikilvægi og sérstöðu vatns fyrir land, þjóð og lífríki. Þótt enginn vatnsskortur sé á Íslandi þá er staðan önnur víðast hvar í heiminum. Gnótt vatns gefur því ekki tilefni til skeytingarleysis af okkar hálfu. Þvert á móti ber okkur að færa lagaumgjörð um vatn í þann búning að hún tryggji rétta forgangsröðun varðandi vatnsvernd og nýtingu og geti verið öðrum þjóðum til fyrirmyndar. Hugsa verður til framtíðar og hafa almannahagsmuni og náttúruvernd að leiðarljósi.

Vatn er takmörkuð auðlind og almannagæði sem er undirstaða alls lífs og heilbrigðis. Vatn er frábrugðið öðrum efnum að því leyti að það finnst náttúrulega í föstu, fljótandi og loftkenndu formi og er aldrei kyrrt á einum stað eða einu eignarlandi heldur á stöðugri hringrás um heiminn.

Undirrituð samtök telja að aðgangur að vatni sé grundvallarmannréttindi, eins og kveðið er á um í samþykktum Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur undirgengist. Sérhver maður á því rétt á aðgengi að hreinu drykkjarvatni og vatni til hreinlætis og heimilishalds.

Líta ber á vatn sem félagsleg, menningarleg og vistfræðileg gæði sem ekki má fara með eins og hverja aðra verslunarvöru.

Nýting vatns skal vera sjálfbær og aðgengi að því tryggt með lögum fyrir núlifandi kynslóð og kynslóðir framtíðarinnar. Það er skylda stjórnvalda að tryggja þegnum sínum þennan rétt án mismununar.

Það er hlutverk stjórnvalda að tryggja verndun vatns sem náttúruverðmæta sem og að tryggja holustu og dreifingu vatns til allra þjóðfélagsþegna með fjárfestingu í mannvirkjum og mengunarvörnum. Vatnsveitur verði því reknar á félagslegum grunni, taki mið af almannahagsmunum og tryggji rétt einstaklinga til nægilegs hreins vatns til drykkjar og hreinlætis á viðráðanlegu verði. Það er jafnframt hlutverk stjórnvalda að tryggja að við nýtingu vatns verði öðrum náttúruverðmætum ekki spilt.

Stjórnvöldum ber að tryggja almenningi aðgengi að öllum upplýsingum er varða verndun og nýtingu vatns og stuðla að aukinni virkni almennings og meðvitund um mikilvægi vatns, náttúru og réttar umgengni við landið.

Vegna mikilvægis vatns fyrir íslenska þjóð og lífríki landsins telja undirrituð samtök nauðsynlegt að fest verði í stjórnarskrá Íslands ákvæði um skyldur og réttindi stjórnvalda og almennings hvað varðar réttindi, verndun og nýtingu vatns. Lög og reglugerðir um nýtingu vatns taki því mið af ákvæðum sem viðurkenna rétt einstaklinga til vatns sem og lögum er varða verndun vatns og náttúru.

Til að tryggja skilvirka verndun og nýtingu vatns ber stjórnvöldum að skipuleggja stjórnsýslu þannig að eðlilegt jafnvægi sé á milli þessara þátta og réttar einstaklinga til aðgengis að vatni.



Félag Sameinuðu þjóðanna

